

Til starfsmanna leikskóla, skóla og frístundar

Einstakar mæður er félag kvenna sem hafa eða eru að reyna að eignast barn einar síns liðs, með tæknifrjóvgun eða ættleiðingu.

Misjafnt er hversu opin einstaka móðirin er varðandi uppruna barnsins. Þú sem starfsmaður þarft því að virða óskir móður þar að lútandi.

Börn okkar byrja oftast í leikskóla áður en þau byrja að velta fyrir sér ólíkum fjölskyldumynstrum. Stór hluti einstakra mæðra hefur talað við barnið um hvernig þau komu til frá því að barnið var mjög ungt. Aðrar mæður vilja heldur bíða með að segja frá þangað til barnið verður eldra og fer sjálft að spyrja. Sumar einstakar mæður vilja að starfsfólk ræði ólík fjölskyldumynstur þegar tækifæri gefst á meðan aðrar vilja að beðið sé með það þar til barnið eða vinir barnsins spyrja hvers vegna barnið á ekki pabba.

Verið hreinskilin

Algeng tilsvör sem einstakar mæður fá eru að allir eigi mömmu og pabba. Sú útskýring gildir ekki fyrir okkar börn. Hugtakið pabbi felur í sér félagslegt hlutverk sem gjafinn kemur aldrei til með að hafa í lífi barnsins og móður þess. Hvort barnið hefur skilning á hugtökunum gjafi, líffræðilegur faðir og erfðafræðilegur faðir er ekki komið í ljós á þessu stigi.

Í félaginu Einstakar mæður göngum við út frá því að það séu margar mismunandi leiðir til að segja barninu frá og að móðirin geti valið hvaða aðferð hún vill beita og að starfsfólk fylgi hennar fordæmi. Stundum fær barnið spurningar frá öðrum börnum, starfsfólk getur þá gripið inn í og stutt barnið við að svara þeim.

Hvað segir maður?

Margar mæður kjósa að leggja áherslu á það sem barnið hefur í stað þess að horfa á það sem það hefur ekki (þ.e. pabbi), segja frekar: Í okkar fjölskyldu eru mamma og (nafn barnsins/barnanna). Sumar bæta við öðrum nákomnum barninu, ættingjum og/eða vinum.

Talið ekki þannig að barnið upplifi að það sé missir af því að eiga ekki pabba. Ef önnur börn gefa í skyn að það sé missir er hægt að útskýra það þannig fyrir barninu að hin börnin sjái það þannig vegna þess að þau eru að hugsa um hve mjög þau myndu sakna pabba síns ef hann væri ekki til. Til útskýringar fyrir hin börnin er hægt að benda þeim á að við vorkennum þeim ekki þó þau eigi ekki systur/bróður/frænda/hund o.s.frv.

Mikilvægt fyrir barnið

Við teljum mikilvægast að barnið upplifi að það sé elskað af móður sinni og að hún hafi valið að eignast barn án þess að eiga mann sem væri líffræðilegur faðir þess. Misjafnt er hversu mikið börnin velta uppruna sínum fyrir sér, hjá sumum er þetta einfalt mál á meðan önnur vilja velta hverjum steini við.

Heiðarleiki, kærleikur, umhyggja, virðing, traust og stöðug uppeldisskilyrði eru þeir grunnþættir sem barnið þarf, allt þetta getum við veitt okkar börnum. Í lokin viljum við leggja áherslu á að okkar börn eru fyrst og fremst eins og hvert annað barn og þó við leggjum áherslu á opnar umræður og upplýsingar til barnsins er óþarfi að þrástaglast á „öðruvísi“ uppruna þess.

Þýtt og staðfært af vefnum www.femmis.se